

3. apríl 2017, kl. 16.00

Fundinn sátu: Elísabet Lára, Jóna Gréta, María Kúld og Anna Margrét sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Dóra Lind og Sunna Óttósdóttir

Fundurinn fór fram í leikskólanum.

- Gjaldkeri var ekki mættur á fundinn en samkvæmt honum er fjárhagsstaða foreldrafélagsins 219.365 kr.
- Páskaeggjaleit:
 - Ákveðið að leitin fari fram fimmtudaginn 6. apríl kl. 16.00 í stað föstudags þar sem á föstudegi er sundnámskeið sem hefst kl. 16.
 - **Á næsta fundi skal ígrunda páskaeggjaleitina og skrá niður hvernig til tókst og hvað má betur fara.**
 - Stjórnarmeðlimir mæti kl. 15.30 til að fela steinana.
 - Ofnæmisbörn: Ellý kemur upplýsingum til stjórnar og hún hefur samband við foreldra til að finna egg sem henta þeim.
 - **Fá Dóru Lind til að kaupa eggin.**
 - **María tók að sér að útbúa auglýsingu fyrir leitina sem hengd verður upp í leikskólanum, fer í tölvupósti á foreldra og á Fésbókarsíðu foreldrafélagsins.**
- Sýning Brúðuheima 19. maí „Íslenski fillinn“.
 - Ákveðið af meirihluta stjórnar að foreldrafélagið greiði helming kostnaðarins við sýninguna eða 40.000 kr.
- Rætt um sumarhátíð leikskólans og ákveðið að foreldrafélagið taki ekki þátt í henni heldur skipuleggi heldur eigið grill í Nýræktinni.
- Rætt um að foreldrafélagið skipuleggi grill í Nýræktinni síðari hluta maí. Ákveðið síðar.
- Sveitaferð í Bjarnarhöfn
 - **Hafa samband við bændur fljótlega eftir páska til að athuga hvort þau geti tekið á móti börnunum og að ákveða tíma heimsóknar.**
- Ákveðið að foreldrafélagið gefi leikskólanum ekki gjöf nú í vor heldur gefi heldur afmælisgjöf í tilefni 60 ára afmælis leikskólans 7. október.